

REGLUR

um val á nemendum til náms til BA-prófs í lögreglu- og löggæslufræði við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.

1. gr.

Fjöldi þeirra nemenda sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í BA í lögreglu- og löggæslufræði er ákveðinn af háskólaráði árlega að fengnum tillögum sviðsins.

Við val á þessum nemendum er beitt eftirfarandi reglum:

1. Samkeppnispróf eru í þremur námskeiðum. Vægi þeirra er sem hér segir:

Inngangur að lögreglufræði (6 einingar) 33,33%.

Inngangur að lögfræði (6 einingar) 33,33%.

Vinnulag í háskólanámi (6 einingar) 33,33%.

Nemendur verða að taka öll samkeppnisprófin á sama námsári og valið fer fram. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf frá Háskólanum á Akureyri né öðrum háskólum.

Heildareinkunn úr hverju námskeiði skal reiknuð í heilum og hálfum tölum, frá 0–10 í samræmi við reglur um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri. Þær einkunnir eru síðan aðlagðar ofangreindu vægi. Heildareinkunn í *numerus clausus* er vegið meðaltal úr einstökum námskeiðum og skal hún gefin upp með tveimur aukastöfum. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun BA nemenda í lögreglu- og löggæslufræði varðandi áframhaldandi nám. Einkunnir annarra námskeiða á haustmisseri 1. árs teljast ekki til samkeppnisprófa og reiknast ekki inn í *numerus clausus*. Einungis einkunnir nemenda sem skráðir eru á námsbraut í lögreglufræði reiknast inn í *numerus clausus*.

2. Skipa skal prófdómara skv. reglum sem um þá gilda (sbr. gildandi prófareglur HA) fyrir allar prófgreinar samkeppnisprófsins. Heildareinkunn í námskeiði er gefin í heilum og hálfum tölum og er meðaltal einkunnar kennarans og prófdómarans.¹ Einkunnir kennara og prófdómara skulu gefnar upp með einum aukastaf.
3. Að einkunnum kunnngerðum, skv. lið 2, fer engin endurskoðun fram á þeim á vegum hug- og félagsvísindasviðs.
4. Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll til skrifstofu hug- og félagsvísindasviðs áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið. Það sama gildir um nemanda sem ekki mætir til prófs vegna veikinda barns. Ef halda þarf sjúkrapróf skulu þau haldin svo fljótt sem auðið er.
5. Þeim nemendum, sem ná samkeppnisprófum í öllum fyrrgreindum námsgreinum haustmisseris 1. námsárs, er raðað eftir lækkandi meðaleinkunn. Nemandi telst ekki hafa staðist próf nema hann hljóti einkunnina 5 minnst. Ef tveir eða fleiri nemendur eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormisseri 1. námsárs.
6. Verði niðurstaða úr prófum slík, að ekki nái sá fjöldi nemenda sem háskólaráð hefur ákveðið lágmarkseinkunn í öllum fyrrgreindum námskeiðum skal brugðist við með eftirfarandi hætti: Nemendum sem ekki náðu lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum er raðað eftir lækkandi meðaleinkunn. Sá sem hefur hæsta meðaleinkunn hlýtur fyrsta lausa sætið og síðan koll af kalli eftir lækkandi meðaleinkunn þar til nemendatölunni er náð. Að þessu vali loknu gilda almennar prófareglur háskólans.
7. Segi nemandi, sem öðlast hefur rétt til setu á vormisseri 1. námsárs, sæti sínu lausu innan tveggja vikna frá upphafi vormisseris, skal þeim sem hæsta meðaleinkunn hefur meðal brottfallinna nemenda boðið sætið.
8. Ef það er fyrirsjáanlegt fyrir upphaf prófatímabils samkeppnisprófa að færri nemendur komi til með að þreyta prófin en sú tala sem ákveðin hefur verið að öðlast skuli rétt til náms á vormisseri 1. árs falla reglur þessar sjálfkrafa úr gildi.

¹ Þegar um krossapróf er að ræða er það prófdæmt fyrirfram.

9. Reglur þessar varða ekki nemendur sem ljúka diplóma fyrir verðandi lögreglumenn (120 ECTS) eða diplóma fyrir starfandi lögreglumenn (120 ECTS) og vilja bæta við sig 60 ECTS einingum til að útskrifast með BA í lögreglu- og löggæslufræði.
10. Reglur þessar eru endurskoðaðar á hverju ári.
11. Háskólaráði er heimilt í sérstökum tilvikum að veita undanþágur frá reglum þessum.

2. gr.

Reglur þessar, þannig samþykktar af háskólaráði, samkvæmt heimild í 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og 32. gr. reglna nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri, staðfestast hér með og taka gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Háskólanum á Akureyri, 21. júní 2018.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir,
varaformaður háskólaráðs.

B-deild – Útgáfud.: 12. júlí 2018